

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs árin 2007–2013? Óskað er upplýsinga um heildarfjárveitingu sjóðsins, fjölda umsókna og fjölda samþykktra umsókna.

Á fjárlögum ársins 2007 nam framlag til Rannsóknasjóðs alls 590 millj. kr. en í lok þess tímabils, þ.e. árið 2013, nam framlag á fjárlögum alls 1.305 millj. kr. Meðalfjárveiting í Rannsóknasjóð á tímabilinu 2007 til 2013 nam um 834 millj. kr. á ári.

Fjöldi umsókna í Rannsóknasjóð á tímabilinu var að jafnaði 341 umsókn en þá er lagður saman fjöldi umsókna um nýja styrki og fjöldi samþykktra framhaldsumsókna. Flestar umsóknir bárust sjóðnum árið 2007 eða 378 en færstar árið 2013 eða 314. Á tímabilinu styrkti Rannsóknasjóður ríflega þúsund verkefni eða tæplega 150 verkefni á ári að meðaltali. Sjóðurinn styrkti flest verkefni árið 2007 eða 188 en færst verkefni árið 2012 eða 125.

Úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs er miðað við umsóknir um ný verkefni. Því upplýsist það hér að miðað við fjölda umsókna um ný verkefni var úthlutunarhlutfall á umræddu tímabili, 2007 til 2013, á bilinu 15% til 29% en á bilinu 14% til 32% sé miðað við sóknarfjárhæð.

Hér að aftan er tafla yfir fjárveitingar, fjölda umsókna og fjölda veittra styrkja 2007–2013.

Rannsóknasjóður 2007–2013.

Fjárhæðir í millj. kr.	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fjárlög	590	750	815	815	782,5	782,5	1.305
Fjöldi umsókna um nýja styrki	252	244	240	258	240	266	236
Fjöldi styrkja til nýrra verkefna	62	71	51	47	37	47	65
Árangurshlutfall vegna umsókna um nýja styrki (m.v. fjölda)	24,6%	29,1%	21,3%	18,2%	15,4%	17,7%	27,5%
Sóknarupphæð umsókna um nýja styrki	862	960	1.333	1.477	1.578	1.745	1.668
Heildarupphæð nýrra styrkja	213	303	313	273	214	298	416
Árangurshlutfall vegna umsókna um nýja styrki (m.v. upphæð)	24,7%	31,6%	23,5%	18,5%	13,6%	17,1%	24,9%
Fjöldi samþykktra framhaldsverkefna	126	99	83	102	90	78	78
Heildarupphæð framhaldsstyrkja	381	362	458	547	574	473	499
Heildarfjöldi verkefna (ný verkefni og framhaldsverkefni)	188	170	134	149	127	125	143
Heildarúthlutun til verkefna	594	665	771	820	788	771	915

